

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 9. janúar 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Stefánsdóttir. Pröstur Helgason mætti ekki. Sigrún Birna Björnsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara, var gestur undir 1. lið. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing í febrúar

Sjá fg. stj. ÍM 10/2017, lið 1. Farið var yfir lokaundirbúning fyrir fyrirhugað þing 7. febrúar í Ármúlaskóla um lestur ungmenna og formaður fór yfir verklista. Stjórnarmenn hyggjast skoða aðstæður í sal FÁ 12. janúar. Óskað verður eftir því að MS verði með veitingar fyrir um 50–70 manns. Ráðherra verður í Suður-Kóreu á Vetrarólympíuleikunum þegar þingið verður haldið en óskað verður eftir því að ráðuneytisstjóri mæti á þingið og aðstoðarmaður ráðherra. Hilmar verður fundarstjóri á þinginu. Sett verða upp þrjú umræðuborð þar sem verða einn fulltrúi rithöfunda, kennara og útgefenda auk fimm nemenda, samtals átta við hvert borð. Einnig verða til reiðu fleiri borð fyrir aðra gesti sem vilja taka þátt í umræðum. Stjórnarmenn sömdu nokkrar inngangsspurningar fyrir umræður við borðin, t.d. *Hvernig er hægt að tryggja að 13 til 19 ára ungmenni haldi áfram að lesa bækur*. Auglýsa þarf þingið á Facebook (setja þarf upp viðburð þar) og einnig auglýsa í blaði. Ritari mun hafa samband við hönnuð sem fyrst um að hanna auglýsingu og dagskrá þegar öll nöfn erinda verða tilbúin. Öll lógó þátttakenda þurfa að koma fyrir á dagskrá og auglýsingu.

2. Fundur með fulltrúum atvinnulífsins

Sjá fg. stj. ÍM 10/2017, lið 4. Formaður sendi bréf til sjö samtaka í atvinnulífinu og bauð fulltrúum þeirra á fund í Þjóðmenningarhúsinu 18. febrúar kl. 15. Nokkrir hafa þegar svarað og boðað komu sína. Stefnt er að því að spyrja fulltrúa atvinnulífsins meðal annars um hvernig þeir sjái fyrir sér að íslenskan dafni í atvinnulífinu næsta áratug og hvað sé hægt að gera til þess að hún hverfi ekki alveg úr ýmsum geirum þess. Sagt verður frá íslenskri málstefnu (*Íslenska til alls*), fjallað um hlutverk Íslenskrar málnefndar í stöðustýringu tungunnar og nefnt að gerðar hafi verið athugasemdir við ýmis fyrirtæki á liðnum árum, sbr. <http://islenskan.is/abendingar>. Fulltrúunum verður gefin bókin *Málheimar* eftir Ara Pál Kristinsson.

3. Önnur mál

a) Næsti fundur stjórnar ÍM

Ákveðið var að næsti fundur stjórnar ÍM yrði 13. mars.

b) Skýrsla um greinarmerkjasetningu

Formaður hvatti þá stjórnarmenn sem ekki höfðu gert athugasemdir við skýrslu Jóhannesar B. Sigtryggssonar um greinarmerki (sjá fg. stj. ÍM 10/2017) til að senda þær til Jóhannesar.

c) Isavia

Sjá fg. stj. ÍM 10/2017, liður 6 d. Hvorki höfðu borist svör 9. janúar frá forsætisráðherra, fjármálaráðherra og samgönguráðherra við bréfi Íslenskrar málnefndar 14. desember til þeirra þar sem ítrekaðar voru athugasemdir við skilti á Keflavíkurflugvelli þar sem íslenska er sett skör lægra en enska og farið fram á að framfylgt sé lögum um íslenska tungu nr. 61/2011 þar sem kveðið er á um að íslenska sé opinbert mál á Íslandi.

d) Úthlutun Máltækisjóðs

Formaður sagðist hafa tekið eftir því að ekki væru tilgreind íslensk heiti verkefna sem hlytu styrki úr Máltækisjóði. Sent verður bréf til sjóðsins og kvartað yfir þessu.

e) Nýr fulltrúi Staðlaráðs

Guðrún Rögnvaldardóttir hefur sagt sig úr málnefndinni vegna flutnings til útlanda. Formaður hefur haft samband við mennta- og menningarmálaráðuneyti og óskað eftir því að Staðlaráð skipi nýjan aðalmann í ÍM.

Fundi lauk kl. 15.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.